

## FORSETAÚRSKURÐUR

## um breytingu á forsetaúrskurði nr. 7/2022, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 7/2022, um skiptingu starfa ráðherra:

1. gr.

2. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Dómsmálaráðherra.*

**Guðrún Hafsteinsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. júní 2023.***Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Katrín Jakobsdóttir.*

A-deild – Útgáfudagur: 19. júní 2023